

Reykjavík 17.03.2022.

Berist til Garðabæjar

Umsókn um lóð fyrir íbúðarhúsnæði

Samtök Endurhæfðra Mænuskaddaðra (SEM) voru stofnuð þann 27. september 1981 af nokkrum einstaklingum sem höfðu orðið fyrir mænuskaða af völdum slysa.

Markmið félagsins er að efla samhjálp mænuskaddaðra, vinna að auknum réttindum þeirra og bættri aðstöðu í þjóðfélaginu, eins og segir í lögum félagsins.

Þá var einnig stofnuð sjálfseignarstofnun sem heitir Húsnæðisfélag SEM (H-SEM) en félagið byggði árið 1991 sérhannaða íbúðarblokk á Sléttuvegi 3 í Reykjavík með stuðningi margra einstaklinga og fyrirtækja.

Markmið sjálfseignarstofnunarinnar er að byggja og reka félagslegt íbúðarhúsnæði sem taki tillit til sérparfa hreyfihamlaðra, handa félögum SEM. Ásamt því að safna, taka við og ráðstafa fé til byggingar og reksturs félagslegra íbúða, sameignar íbúðarhúsa og fyrir nauðsynlega aðstoð við íbúa eða aðra skylda þjónustustarfsemi.

Nú er svo komið að fjöldi fólks sem hlýtur mænuskaða ár hvert hefur aukist til muna og framboð húsnæðis fyrir hjólastólanotendur er mjög takmarkað. Íbúðarblokkinn á Sléttuvegi 3 hefur nýst vel en nú er byggingin komin til ára sinna og okkur vantar meira pláss.

SEM er óhagnaðardrifið félag og óskar hér með eftir lóð hjá Garðabæ til þess að byggja nýja blokk með 20. til 25 íbúðum að stærð 60-90fm ásamt bílakjallara, sem einungis einstaklingar með mænuskaða geta tekið á leigu. Hugsunin er að byggingin yrði þannig hönnuð með aðgengi og þarfir hreyfihamlaðra að leiðarljósi. Þá viljum við einnig geta boðið upp á aðstöðu fyrir sjúkraþjálfun, jafningjafræðslu og félagsheimili.

Með ósk um góðar undirtektir,
F.h. SEM samtakanna

Sunna E. Þorkelsdóttir
s. 588-7470 / sem@sem.is